

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, göngubrú yfir Reykjanesbraut við Stekkjarbakka og Smiðjuveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að mislæg göngutenging (göngubrú) sem gert var ráð fyrir á gatnamótum Stekkjarbakka, Smiðjuvegur og Reykjanesbrautar er færð norður fyrir gatnamótin með tilheyrandi breytingum á stígakerfi um svæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Krókeyri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að svæði við Krókeyri sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (gróðrastöð og lystigarður) verður blandað svæði núverandi landnotkunar og stofnanasvæðis. Ráðgert er að hafa söfn á svæðinu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*